

Upphaf byggðar

Byggðin í Grindavíkurbænum er frá Valahnúk í vestri að Ísólfskála í austri. Hún er bundin við láglandisræmuna meðfram ströndinni og skiptist lengi vel í þrjú hverfi: Staðarhverfi, Járngerðarstaðahverfi og Þórkötlustaðahverfi.

Landnámsbók og Sturlubók gefa vísbendingar um það að Molda- Gnúpur hafi komið til Grindavíkur ca. árið 934 ásamt sonum sínum Hafur-Birni, Þorsteini Hrugni, Gnúpi og Þórði leggjalda. Sagan segir að Molda-Gnúpur hafi reist sér skála í námunda við Hópið. En þar var ákjósanlegt að setjast að og reisa skála til vetrarsetu. Þar var öruggt vatnsból, stutt í sjóinn og örugg sjávargata, auk fjörugæða.

Þjóðsagan segir að nöfnin á Þórkötlustaðahverfi og Járngerðarstaðahverfi komi líklega til vegna þess að eiginkonur Þorsteins Hrugni og Þórð leggjalda hafi heitið Járngerður og Þórkátla. Að líklega hafi þær verið fyrstu húsfreyjur á Járngerðarstöðum og Þórkötlustöðum og að jarðirnar dragi nöfn sín af þeim. Líklega reistu bræðurnir býli sitthvoru megin við föður sinn sem reisti höfuðbýlið á Hópi (Járngerðarstaðarhverfi) og þriðji bróðirinn að Stað eða Staðarhverfi. Það má gera ráð fyrir að ættingjar og fylgdarmenn hafi fengið land undir bú á Húsatóttum (Staðarhverfi) og Hrauni (Þórkötlustaðarhverfi). Þessar fimm jarðir og Hóp að auki urðu síðan lögbýli, út frá þeim byggðust hjáleigur og önnur afbýli og þannig mynduðust hverfin.

Ástæðan fyrir hverfaskiptingunni virðast hafa verið að tvennum toga: landfræðilegar og atvinnusögulegar. Lítið er um graslendi en þrjár hraunflákar skipta byggðinni í þrennt og á reitunum á milli hraunanna eru víða gróin svæði, þar risu bæirnir og um leið hverfin. Aðstaðan til sjósóknar réði jafnan miklu um það hvernig menn völdu sér bæjarstæði (Jón Þ. Þór., 1994, bls. 221).

.

